



Egilsstaðaskóli

Endurmenntunaráætlun 2018-2020

Samkvæmt grunnskólalögum ber skólum að gera endurmenntunaráætlun og nær endurmenntunaráætlun Egilsstaðaskóla til tveggja ára í senn.

Í Egilsstaðaskóla eru starfsmenn hvattir til endurmenntunar sem nýtist þeim til framþróunar í starfi. Viðhalda faglegri þekkingu í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til starfsmanna skóla.

Starfsmenn eru hvattir til að leita eigin leiða til náms og starfsþróunar og nýta sér sjóði stéttarfélaga sem þeir eru aðilar að.

Stjórnendur kanna þörfina á endurmenntun í starfsmannasamtölum og eiga einnig frumkvæði að námskeiðum og fyrirlestrum. Skólinn greiðir fyrir þau sameiginlegunámskeið sem hann á frumkvæði að fyrir starfsmannahópinn. Starfsmenn eru hvattir til þess að nýta starfsmenntunarstyrki hjá stéttarfélögum til þess að greiða fyrir endurmenntun sem snýr að einstaka kennara.

Til lengri tíma er áhersla skólans á frumkvæði kennara og kennarateyma í endurmenntun, frekar en á miðlæga endurmenntun það sama fyrir alla.

Starfsmenn geta sótt um að skólinn greiði kostnað við námskeið eða fundi/ráðstefnur sem ekki fást styrktar af sjóðum starfsmanna, eða ef starfsmaður hefur þegar nýtt endurmenntunarstyrki sína hjá stéttarfélagi. Er orðið við því ef fjármagn leyfir og umsóknir metnar m.a. með tilliti til tengsla við endurmenntunaráætlun skólans.

Starfsmenn eru hvattir til að vinna að styrkingu lærdómssamfélagsins og miðla til annara starfsmanna þeirri þekkingu og reynslu sem þeir hafa aflað sér. Þannig miðlun getur farið fram óformlega eða að starfsmenn haldi stutt námskeið eða fyrirlestur á starfsmannafundum, deildar- eða árgangafundum.

Kennarar haldi skriflegt bókhald um endurmenntun sína á móti endurmenntunarstundum og geri grein fyrir stöðu endurmenntunar í starfsmannaviðtölum að vori.

Starfsþróun

Í Egilsstaðaskóla er lögð áhersla á að efla og viðhalda starfsánægju.

Í Egilsstaðaskóla eiga starfsmenn möguleika á starfsþróun í samræmi við metnað og kunnáttu. Þannig eiga starfsmenn að geta eflst í starfi til að takast á við ný og krefjandi verkefni innan skólans.

Starfsmenn eru hvattir til að takast á við ný og krefjandi verkefni sem þeir skapa og hanna sjálfir með fjölbreytilegum þróunarverkefnum.

Stjórnendur skólans aðstoða við gerð umsókna um opinbera styrki til þróunarstarfa.

Allir starfsmenn skólans fara í starfsmannaviðtali seinni hluta vetrar. Í starfsmannaviðtölum er farið yfir m.a. líðan og upplifun starfsmannsins, möguleika starfsmanna á þróun í starfi og möguleika og óskir um símenntun. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sjá um starfsmannaviðtöl. Stjórnendum og starfsmönnum ber að undirbúa sig vel fyrir þessi viðtöl.

Stjórnendur Egilsstaðaskóla leitast við að dreifa valdi, ábyrgð og verkefnum þannig að starfsmenn hafi möguleika á að þróast og eflast í starfi.

Endurmenntunaráætlun 2018-2019

Áherslur – lærdómssamfélagið

- Skyndihjálparnámskeið – allir starfsmenn
- Kveikjum glóð – eldmóð – virkir nemendur – breyttir kennsluhættir
- Félagslegi þátturinn að efla nemendahópinn
- Orð af orði – orðaforði og hugtakaskilningur – fest í sessi
- Mentor K3 – fest í sessi
- Tækni í kennslu – I-pad og windows 365 umhverfið
- Fræðsluáætlun almennra starfsmanna

Valkvæð námskeið:

- Námsleikir – ágúst 2018 Kristín Einarsdóttir
- Menntabúðir Austmennt

- Útikennsla (haust 2018) Jakob Frímansson

Tekin verður afstaða til endurmenntunar einstaklinga með hliðsjón af þessum áherslum í skólastarfinu og áhuga og þörf starfsmanna fyrir endurmenntun.

Leiðir:

Skyndihjálparnámskeið – allir starfsmenn.

Annað hvert ár er haldið skyndihjálparnámskeið Rauða krossins fyrir alla starfsmenn. Stjón námskeiðs er í höndum Védísar Klöru Þórðardóttur, skólahjúkrunarfræðings.

Kveikjum glóð-eldmóð: Unnið eftir þróunaráætlun. Áhersla á virka nemendur og breytingu á kennsluháttum. Tengt við ígrundun á kennsluháttum og breytingar á vali á þessu og næsta skólaári. Heimsókn frá Ingva Hrannari Ómarssyni á haustdögum.

Félagslegi þátturinn – að efla hópinn: Námskeiðið Verkfærakistan með Vöndu Sigurgeirsdóttur. Dags. 5.nóvember, 15. febrúar og 26.apríl

Orð af orði: Unnið að því að festa verkefnið í sessi. Lögð áhersla á að miðla verkefninu innan skólans, heimsækja aðra orð af orði kennara/skóla.

Mentor K3: Unnið að því að festa í sessi Mentor K3

Markmið ársins:

- Að nýta hæfnikort hvers nemanda þar sem námsmat er fært inn jafnóðum allt árið.
- Að gera námslotur í Mentor sýnilegar foreldrum og nemendum þannig að þeir hafi þar aðgang að kennsluáætlun.
- Að festa í sessi það fyrirkomulag að foreldrar skrá sig á viðtalstíma fyrir samstarfsviðtöl inn á Mentor.
- Að miðla gögnum – myndum og sýnishornum af verkefnum til foreldra í gegnum Mentor

Tækni í kennslu.

Margir starfsmenn eru góðir í að nýta tækni í kennslu. Lögð áhersla á að fá þessa kennara til að kynna fyrir öllum kennurum hvernig er hægt að auðga starfið með notkun tækninnar. Menntabúðir Austmennt verða haldnar í skólanum einu sinni yfir veturinn.

Námskeið með Kristínu Björk Gunnarsdóttur, kennsluráðgjafa, 17.ágúst um I-pad.

Lærdómssamfélagið:

Unnið verður að þróun lærdómssamfélags sem er námsferli byggt á sameiginlegri ígrundun í daglegu starfi og endurmati kennara. Tenging við Glóðina og nýttir mánudagsfundir. Kennarar fá allir áskrift af Educational leadership pakkanum í spjöldin sín.

Annað:

- Starfsmenn eru hvattir til að nýta sér tilboð Skólaskrifstofu Austurlands eða önnur námskeið aðgengileg hér fyrir austan.
- Fræðsla á starfsmannafundum um ýmis málefni sem til falla.
- Sundkennarar munu sækja sérstakt öryggis og skyndihjálparnámskeið sem haldið er annað hvert ár.
- Fræðsla fyrir alla starfsmenn um nýja persónuverndarlöggjöf.
- Allir starfsmenn hvattir til að sækja endurmenntun á vegum stéttarféлага á endurmenntunardegi 14. september – Haustþingsdagur.
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sækja ársfund Sí og nýta þá endurmenntun sem þar er í boði.
- Sameiginleg endurmenntun starfsmanna er greidd af skólanum. Þegar starfsmenn sækja einstök námskeið þurfa þeir að sækja um að fá kostnað greiddan úr sínum endurmenntunarsjóði nema um annað sé samið fyrirfram við skólastjóra.

Endurmenntunaráætlun 2019-2020:

- Lokaár glóðarinnar – áhersla á að festa verkefnið í sessi og meta árangur.
- Leiðsagnarmat – stefnt er á að fara á námskeið í Bretlandi um leiðsagnarmat – júníbyrjun 2019
- Stærðfræðinám – stærðfræðileiðtogar í samvinnu við háskólann á Akureyri.